

OFAN VÍ
Ársreikningur 2013

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	7
Yfirlit um fjárfestingar	8
Skýringar	9

Rekstrarreikningur 2013

	Skýr.	2013	2012
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4-5		
Vaxtatekjur og verðbætur		95	105
Vaxtagjöld og verðbætur		(92)	(102)
Hreinar fjármunatekjur		<u>3</u>	<u>3</u>
Rekstrargjöld			
Umsýslupóknun	6	<u>3</u>	<u>3</u>
		<u>3</u>	<u>3</u>
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		<u>0</u>	<u>0</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2013

	Skýr.	2013	2012
Eignir			
Verðbréf með föstum tekjum	7	1.167	1.166
Fjárfestingar samtals	12	1.167	1.166
Handbært fé	8	1	2
Aðrar eignir samtals		1	2
Eignir samtals		1.168	1.168
Skuldir			
Hlutdeildarskírteini	10	1	1
Útgefin skuldabréf	11	1.166	1.165
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag		1	2
Aðrar skuldir samtals		1.167	1.167
Skuldir samtals		1.168	1.168
Hlutdeildarskírteini		0,79	0,69
Fjöldi eininga (í millj.)		0,60	0,60
Gengi sjóðsbréfa í lok ársins	10	1,33	1,15

Yfirlit um breytingar á hreinni eign 2013

	Skýr.	2013	2012
Rekstrarhreyfingar:			
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun á hlutdeildarskírteinum		0	0
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun		<u>1</u>	<u>1</u>
Hlutdeildarskírteini í lok ársins	10	<u><u>1</u></u>	<u><u>1</u></u>

Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2013

	Markaðs- verð	Eign 2013 %	Eign 2012 %	Eign Breyting %	Fjárfestingarstefna	
					Lágmark %	Hámark %
Lánssamningur við Ofanleiti 1 ehf.	1.167	100	100	0	0	100
Innlán fjármálafyrirtækja og reiðufé	0	0	0	0	0	100
Heildarverðmæti fjárfestinga	1.167	100	100	0		

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Sjóðurinn OFAN VÍ var stofnaður 5. desember 2011. Markmið sjóðsins OFAN VÍ er að ávaxta þá fjármuni sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini, með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðsluflæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánsamnings sem hann hefur gert.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur OFAN VÍ er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Stefni hf. sem er dótturfélag Arion banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningurinn er ekki hluti af ársreikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði reikningsskilanna sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2014. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

6. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýsluþóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, endurskoðun, eftirlitskostnað FME, markaðskostnað og umsýslu. Af þeirri þóknun greiðir Stefni hf. vörsluþóknun til Arion banka hf. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,25% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins).

7. Verðbréf með föstum tekjum

Lánsamningur

Sjóðurinn fjárfesti í verðtryggðum lánsamningi. Í bókhaldi sjóðsins er lánsamningurinn uppreiknaður miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

Skýringar, frh.:

9. Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

10. Hlutdeildarskírteini

a. Raunávöxtun OFAN VÍ miðað við 31. desember 2013:

	Ávöxtun
Síðustu 3 mánuði	2,72%
Síðustu 6 mánuði	5,68%
Síðustu 12 mánuði	10,95%

b. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina:

	Bókfært verðmæti	Gengi
31. desember 2013	1	1,33
31. desember 2012	1	1,15
31. desember 2011	1	1,00

11. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn OFAN VÍ gefur m.a. út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru:

Verðtryggt lán	1.166
Afborganir af útgefnum skuldabréfum í árslok 2013 greinast þannig:	
Til greiðslu 2014	45
Til greiðslu 2015	41
Til greiðslu 2016	41
Til greiðslu 2017	41
Til greiðslu 2018	41
Til greiðslu síðar	957
	<u>1.166</u>

12. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting:

	Annað kr.	%	Samtals kr.	%
Aðrir fjármálagerningar	1.167	100	1.167	100
	<u>1.167</u>	<u>100</u>	<u>1.167</u>	<u>100</u>